

Laxárstöðvar

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags





Laxárstöðvar

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Höfundar
Ásta Hermannsdóttir

Dagsetning
janúar 2024

Lykilsíða

Skýrsla LV nr	LV-2024-004	Dagsetning	janúar 2024
Fjöldi síðna	13	Upplag	1
Dreifing	<input checked="" type="checkbox"/> Birt á vef LV	<input checked="" type="checkbox"/> Opin	<input type="checkbox"/> Takmörkuð til [Dags.]
Titill	Laxárstöðvar. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags.		
Höfundar/fyrirtæki	Ásta Hermannsdóttir / Byggðasafn Skagafjarðar		
Verkefnisstjóri	Guðmundur Ögmundsson		
Unnið fyrir	Landsvirkjun		
Samvinnuaðilar	—		
Útdráttur	<p>Skýrslan inniheldur skráningu fornleifa við Laxárstöðvar í Aðaldal. Er það í fyrsta sem heildstæð fornleifaskráning svæðisins fer fram.</p> <p>Svæðið sem kannað var er um 28 ha. Heimildir voru sóttar í eldri fornleifaskráningar á svæðinu auk örnefnaskrá fyrir Presthvamm. Viðtöl voru tekin við staðkunnuga og svæðið kannað á fæti í vettvangsferð haustið 2023.</p> <p>Sex minjar voru skráðar á vettvangi og þar af eru tvær metnar í hættu, vegna trjáræktar annars vegar og skriðufalla hins vegar. Aðrar minjar voru ekki metnar í hættu. Einar minjar, býlið Litla-Presthvamm, var ekki hægt að staðsetja með viðunandi nákvæmni og fá því ekki staðsetningarpunkt í landupplýsingagögnunum en eru skráðar í fornleifaskrá.</p>		
Lykilorð	Laxárstöðvar, Presthvammur, Hveitibrauðsgötur, Eiríksvað, fornminjar, leið, sel, vað, trjárækt, Laxá, Aðaldalur, Þingeyjarsveit.		

Samþykki verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

Guðm. Ögmundsson



LAXÁRSTÖÐVAR

FORNLEIFASKRÁNING VEGNA DEILISKIPULAGS



Byggðasafn
Skagfirðinga

ÁSTA HERMANNSDÓTTIR

BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA

2024/278

Höfundur: Ásta Hermannsdóttir. 2024/278

Mynd á forsíðu: Seljatóftir [3105-5 og 6], Hveitibrauðsgötur [3105-4] og Eiríkvað [3105-7].

© Byggðasafn Skagfirðinga, 2024. Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR	3
AÐFERÐARFRÆÐI	4
SAMANTEKT	5
FORNLEIFASKRÁ.....	7
HEIMILDASKRÁ	13

Inngangur

Byggðasafn Skagfirðinga tók að sér skráningu vegna deiliskipulagsvinnu við Laxárstöðvar í Aðaldal að beiðni Guðmundar Ögmundssonar verkefnisstjóra hjá Landsvirkjun.

Svæðið hefur aldrei verið skráð áður í heild sinni en fjórar skráningar hafa farið fram á mismunandi, og misstórum, hlutum þess: *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs inntakslóns fyrir Laxárstöðvar* (Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Birna Lárusdóttir 2003), *Fornleifaskráning í Þeistareykjalandi* (Orri Vésteinsson 2006), *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðrar lagnar ljósleiðara frá Akureyri að Kröflu í S-Þingeyjarsýslu* (Bjarni F. Einarsson 2007), *Fornleifaskráning vegna jarðstrengs frá Svartárvirkjun að Laxárvirkjun og mannvirkja í Bárðardal* (Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2015).

Svæði, sem er um 28 ha, var allt gengið og fór vettvangsvinna fram 9. september 2023. Ásta Hermannsdóttir fornleifafræðingur og Bryndís Zoëga landfræðingur sáu um undirbúning. Ásta Hermannsdóttir sá um vettvangsvinnu og skýrslugerð. Bryndís Zoëga sá um kortagerð.

Heimildamenn og verkkaupi fá þakkir fyrir veitta aðstoð.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 3105



Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna, „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“.

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrár með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]“.

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsgöðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir, svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit, auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númers [Presthvammur-3105-1]. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða eins og hægt er, þ.e. hífýli manna, útihús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. náttúrlegra þátta og/eða framkvæmda. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju.

Samantekt

Skráningarsvæðið er um 28 ha að stærð og nær yfir áhrifasvæði Laxárstöðva við Laxá í Aðaldal. Svæðið er að miklu leyti þegar raskað vegna bygginga og annarra framkvæmda í tengslum við virkjanir og aflstöðvar. Lítil þyrping húsa er á svæðinu og mikil trjárækt hefur einnig sett mark sitt á landslagið.

Sex minjar voru skráðar á vettvangi. Auk þess er heimild um býlið Litla-Presthvamm sem sagt er hafa staðið í túninu við stöðvarstjórahúsið (Örnefnaskrá Presthvammur, bls. 2). Nákvæm staðsetning þess er ekki þekkt, og engin merki bæjarins sjást á yfirborði, og því fær Litla-Presthvammur ekki staðsetningu í landupplýsingagögnunum. Garðlag [3105-2] sést á gömlum loftmyndum (t.d. LMI-Kort-LI209-L12-1932) og teygir sig á þeim greinilega inn á skráningarsvæðið, í dag er sá hluti þó ógreinanlegur vegna trjágróðurs. Tóft [3105-3] í Kúaklifi er illgreinanleg og gæti verið náttúrumyndun. Falleg og vel varðveitt minjaheild er við Hveitibrauðshvamm, syðst á skráningarsvæðinu, þar sem finna má Hveitibrauðsgötur [3105-4] og gamlar seltóftir [3105-5 og 6]. Þar er einnig Eiríkswað [3105-7]. Svæðið er gróið grasi, mosa, lyngi og kjarri og minjarnar leynast í lynginu, sokknar og gamallegar.

Á mynd 1 má sjá yfirlitskort yfir allar skráðar minjar á skráningarsvæðinu. Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir allar skráðar minjar, tegund, hlutverk og hættumat. Loftmyndir eru fengnar hjá verkkaupa.

Tafla 1. Minjar sem skráðar voru á vettvangi.

Númer	Jörð	Hlutverk	Tegund	Ástand	Hættumat
3105-2	Presthvammur	Óþekkt	Garðlag	Greinanleg	Hætta vegna trjáræktar
3105-3	Presthvammur	Óþekkt	Tóft	Illgreinanleg	Hætta vegna skriðufalla
3105-4	Presthvammur	Leið	Gata	Greinanleg	Engin hættu
3105-5	Presthvammur	Sel	Tóft	Greinanleg	Engin hættu
3105-6	Presthvammur	Sel	Tóft	Greinanleg	Engin hættu
3105-7	Presthvammur	Vað	Frásögn	Greinanleg	Engin hættu

Hættumat

Tvær minjar eru metnar í hættu, annars vegar vegna skógræktar og hins vegar vegna skriðufalla (grjóthruns). Ekki eru áætlaðar framkvæmdir í skipulaginu og því eru minjar ekki metnar í hættu vegna framkvæmda. Ef gerðar eru breytingar á þeim áformum þarf að endurskoða hættumat.

Niðurlag

Sex minjar voru skráðar á vettvangi og þar af eru tvær metnar í hættu, vegna trjáræktar annars vegar og skriðufalla hins vegar. Aðrar minjar voru ekki metnar í hættu. Einar minjar, býlið Litla-Presthvamm, var ekki hægt að staðsetja með viðunandi nákvæmni og fá því ekki staðsetningarpunkt í landupplýsingagögnunum en eru skráðar í fornleifaskrá.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra horfinna minja er þekkt. Þess ber að geta að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Fornleifaskrá



Mynd 1. Yfirlitskort af skráningarsvæði. Kortagerð: Bryndís Zoëga, lofmynd frá verkkaupa.

Presthvammur-3105-1

Sérheiti: Litli-Presthvammur

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í túninu við stöðvarstjórahusið stóð býlið Litli-Presthvammur. Þar er nú íbúðarhús, sléttur garður og trjálundur í brekku. Óvíst er hvar nákvæmlega bærinn stóð og þar af leiðandi er ekki hægt að staðsetja hann með viðunandi nákvæmni.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Í túni stöðvarstjóra Laxárvirkjunar stóð áður Litli-Presthvammur“ (bls. 2).

Presthvammur-3105-2

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta vegna trjáræktar

Staðhættir

Um 200 m suðaustur af stöðvarstjórahúsinu, við girðingu ofan, austan, við gilið er garðlag.

Lýsing

Garðlagið sést vel ofan girðingar en er horfið í gróður neðan girðingar. Skráningarsvæðið er neðan girðingar en punktur var tekinn við girðinguna þar sem ljóst er að garðurinn nær inn á skráningarsvæðið þótt hann sjáist ekki. Garðurinn sést m.a. á loftmynd frá 1955 (LMI-Kort-LI209-L12-1932). Utan skráningarsvæðisins er garðurinn breiður, um 2 m á breidd, siginn og gróinn. Mest er hann um 50 cm hár. Ekki sést í grjóti.



Mynd 2. Garðlag [3105-2]. Horft út fyrir skráningarsvæðið til norðurs.

Presthvammur-3105-3

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft


Hættumat: Hætta vegna skriðufalla

Staðhættir

Um 110 m ASA af Laxárstöð III, norðan vegar í Kúaklifi, er óljós tóft.

Lýsing

Tóftin er mjög óljós og gróin. Hún virðist ferhyrnd, snýr norðvestur-suðaustur og er opin til suðausturs. Tóftin er um 5,5x3,5 m að utanmáli og veggir



Mynd 3. Tóft [3105-3] í Kúaklifi. Horft til norðvesturs.

eru um 1 m breiðir og mest um 40 cm háir. Hrun er úr klettunum fyrir ofan sem gæti haft áhrif á skýrleika minjanna, jafnvel gæti verið um náttúrumyndun að ræða í tengslum við hrunið.

Presthvammur-

3105-4 [Eldra númer:

SP-228:010]

Sérheiti:

Hveitibrauðsgötur

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: Engin

hætta

Staðhættir

Eftir Hveitibrauðs-

hvammi endilöngum

og suður úr honum

liggja götur. Hvamm-

urinn er skammt ofan, austan, við stífluna. Hvammurinn er nokkuð sléttlendur, gróinn grasi, mosa og lyngi.

Lýsing

Götur eru misgreinilegar en þó á köflum mjög greinilegar. Þar má sjá margar samsíða götur, allt að 60 cm djúpar og 1,1 m breiðar. Göturnar fjara svo út upp úr Hveitibrauðshvamminum og norðvesturúr, hugsanlega hafa þær kvíslast þar því ekki er ein skýr leið upp úr hvamminum. Göturnar liggja skammt frá seljarústum [3105-5 og 6].

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Upp af stíflunni er Hveitibrauðshvammur (30). Um hann liggur gata, sem Laxdælir fóru um, þegar þeir fóru lestarferðir til Húsavíkur. Eitt sinn misstu þeir hveitisekk af hesti í hvammi, og hlaut hann nafn sitt af þessum atburði.“ (bls. 2). Í fornleifaskráningu frá 2003 segir: „SP-228:010 heimild um leið 65°48.680N 17°17.786V [...] Þær eru greinilegar í hvamminum upp af Eiríkseyjum. Göturnar eru greinilegastar í Hveitibrauðshvamminum. Hann er nokkuð sléttur og lyngivaxinn. Nokkrir samsíða slóðar í lyngivöxnum móa. Göturnar verða ógreinilegri eftir því sem nær sunnar dregur. Þegar komið er til móts við Eiríksvað (020) eru þær orðnar alveg ógreinilegar. og ekki er hægt að greina þær síðasta spottann að ánni.



Mynd 4. Hveitibrauðsgötur [3105-4] liggja frá miðri mynd til hægri og suður með ánni. Horft til suðvesturs.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda.“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Birna Lárusdóttir, bls. 14).

Presthvammur-3105-5

[Eldra númer: SP-228:021]

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Fast vestan við Hveitibrauðsgötur, ofan Laxár, um 100 m suðaustan stíflu, er tóft í lyngi- og kjarrivöxnum móum. Um 45 m norður af tóft [3105-6].

Lýsing

Tóftin er stór og ílöng, virðist þriggja hólfa, og liggur NNV-SSA. Utanmál er um 16x6,5



Mynd 5. Tóft [3105-5] rétt neðan við miðja mynd. Hveitibrauðsgötur [3105-4] framan við tóftina. Horft til suðvesturs.

m. Engin op eru sjáanleg á rýmum. Tóftin er gróin og ekki sést neitt grjót í veggjum. Tóftin er nokkuð áberandi í landslaginu og er um 70 sm há, þótt innri veggir rýma séu eingöngu um 30 cm háir. Veggir eru mest um 2 m breiðir. Tóftin er mjög gamalleg og sigin.

Aðrar upplýsingar

Í fornleifaskráningu frá 2003 segir: „SP-228:021 tóft 65°48.673N 17°17.777V 20-25 m austan við þar sem þverhniptur bakki tekur við að Laxá er tóft á klettahæð. Tóftin er til móts við neðri eyjur Eiríkseyja, milli þeirra og stíflu, um 130 m ofan við stífluna í Laxá og fast vestan við óljósa götuslóða sem liggja um hvamminn. Tóftin er í lágum hvammi sem hallar lítillga til suðvesturs. Umhverfis er grasi gróið en einnig lyngivaxið. Mjög lítil lækur rennur norðan við tóftina. Tóftin er lyngivaxin og sigin en stendur þó nokkru hærra en umhverfið. Hún er um 14 m á lengd en 5-6 m á breidd um miðjuna þar sem hún er breiðust. Hún mjókkar til beggja enda en er þar 3-4 m á breidd. Suðurhluti tóftarinnar er mjög siginn og enn óljósari en aðrir hlutar. Hugsanlegt er að hann tilheyri eldra byggingaskeiði. Veggir tóftarinnar eru allir fremur óskýrir, sérstaklega innri brún þeirra. Tóftin virðist skiptast í þrjú hólfa (nema syðsta hólfið tilheyri eldra byggingaskeiði) og hugsanlegt að op hafi verið á vesturvegg miðjuhólfsins norðarlega. Engar

grjóthleðslur sjást í tóftinni. Hæð mæld utanfrá er mest 0,6 m en innanfrá mest 0,3 m. Hættumat: hætta vegna framkvæmda.“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Birna Lárusdóttir, bls. 17).

Presthvammur-3105-6

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin

hætta

Staðhættir

Fast vestan við Hveitibrauðsgötur, ofan Laxár, um 150 m suðaustan stíflu, er tóft í lyngi- og kjarrivöxnum móum. Um 45 m suður af tóft [3105-5].



Mynd 6. Tóft [3105-6]. Horft til vesturs.

Lýsing

Tóftin er mjög sigin og gamalleg, tveggja hólfa og snýr NNV-SSA. Utanmál tóftarinnar er um 11x5,5 m. Breidd veggja er mest um 2 m og hæð um 60 cm, þó yfirleitt lægra. Ekkert op er augljóst á tóftinni en gæti verið til NNV. Kindagata er í gegnum vesturvegg. Tóftin er ógreinilegust á SA horni en hún er öll kjarri- og lyngivaxin. Ekkert grjót sést í veggjum. Tóftin er nokkuð ógreinilegri en tóft [3105-5].

Presthvammur-3105-7 [Eldra

númer: SP-228:020]

Sérheiti: Eiríksvað

Hlutverk: Vað

Tegund: Frásögn

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Á Laxá, ofan Eiríkseyja, er frásögn um vað á ánni.

Lýsing

Nákvæm staðsetning vaðsins er ekki þekkt en það var skráð á sama stað og í fornleifaskráningu 2004 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Birna Lárusdóttir 2003). Þar er áin breið og



Mynd 7. Eiríksvað [3105-7]. Horf til suðvesturs.

líklegast að hún hafi verið fær þar yfir. Lágir bakkar eru beggja vegna sem gera aðgengi að ánni einnig nokkuð þægilegt. Engar sýnilegar götur er þó að sjá að vaðinu.

Aðrar upplýsingar

Í fornleifaskráningu frá 2003 segir: „SP-228:020 Eiríksvað. frásögn um vað 65°48.581N 17°17.760V Vað var á Laxá um 50 m sunnan við Eiríkseyjar á Laxá. Þetta vað átti prestur frá Grenjaðarstað að hafa farið til að hitta hjákonu sína sem bjó austan Laxár í Geitafelli. Þá var riðið skáhallt yfir Laxá ofan Eiríkseyja. Bakkar beggja vegna Laxár eru fremur lágir og henta vel til að ríða ofan í ána og uppúr. Áin er sæmileg yfirferðar á þessum stað en ekki sjást slóðar að eða frá ánni á þessum slóðum. Göturnar um Hveitibrauðshvamm 010 eru þó ekki mjög langt frá. Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda.“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Birna Lárusdóttir, bls. 16).

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. 2007. *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðrar lagnar ljósleiðara frá Akureyri að Kröflu í S-Þingeyjarsýslu*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Birna Lárusdóttir. 2003. *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs inntakslóns fyrir Laxárstöðvar*. FS215-03111. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

Orri Vésteinsson. 2006. *Fornleifaskráning í Þeistareykjalandi*. FS326-06311. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2015. *Fornleifaskráning vegna jarðstrengs frá Svartárvirkjun að Laxárvirkjun og mannvirkja í Bárðardal*. FS582-15121. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

Örnefnaskrá Presthvammur. Ari Gíslason. Sótt af <https://xn--nafni-mta.is/baer/4844>

Loftmyndir:

LMI-Kort-LI209-L12-1932

Heimildamenn

Hólmgeir Hermannsson, 14. desember 2023.

Sæþór Gunnsteinsson, 8. september 2023.

Fylgiskjal

Jörð	minj_id	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	x	y
Presthvammur	3105-2		Óþekkt	Garðlag	800	1900	Greinanleg	Hætta vegna trjáræktar	577232	592231
Presthvammur	3105-3		Óþekkt	Tóft	800	1900	Illgreinanleg	Hætta vegna skriðufalla	577460	591965
Presthvammur	3105-4	Hveitibrauðsgötur	Leið	Gata	800	1900	Greinanleg	Engin hætta	577933	591462
Presthvammur	3105-5		Sel	Tóft	800	1700	Greinanleg	Engin hætta	577907	591496
Presthvammur	3105-6		Sel	Tóft	800	1700	Greinanleg	Engin hætta	577921	591436
Presthvammur	3105-7	Eiríkvað	Vað	Frásögn	800	1900	Greinanleg	Engin hætta	577946	591320